

Þriðjudaginn 10. nóvember 1992.

Nr. 233/1992. **Loftur Jónsson**

gegn

Olúfélaginu hf.

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. maí 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumæðferð eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að varnaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða fjárnáms og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Hin kærða fjárnámsgerð, sem fram fór 10. desember 1991, var gerð á grundvelli áskorunarstefnu, sem árituð var í bæjarþingi Reykjavíkur 9. júlí 1986. Greiðsluáskorun var birt sóknaraðila 14. október 1991. Áskorunarstefnan var gefin út á hendur sóknaraðila og fleirum til greiðslu skuldar samkvæmt vixli, sem JL Byggingavörur sf. höfðu ábekt, en sóknaraðili og þrír stefndu aðrir ráku það firma með ótakmarkaðri ábyrgð, þegar til skuldarinnar var stofnað.

Varnir sóknaraðila beinast að hinni árituðu áskorunarstefnu, birtingu hennar og meðferð í bæjarþingi Reykjavíkur, en því máli var ekki áfrýjað. Reisir sóknaraðili kröfur sínar einkum á því, að sér hafi sjálfum ekki verið birt áskorunarstefna þessi og því geti áritun á hana ekki skapað aðfarargrundvöll gagnvart sér.

Hin áritaða áskorunarstefna og meðferð hennar í bæjarþingi Reykjavíkur eru ekki til efnislegrar umfjöllunar í máli þessu. Stefnan með áritun dómara ber nægilega með sér, að sóknaraðili sé einn þeirra, er greiða átti þargreinda skuld. Er hún því gild fjárnámsheimild, enda var greiðsluáskorun birt á lögætetan hátt. Engar varnir eru uppi, er beinast að fjárnámsgerðinni sjálfri, og verður hún staðfest.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Loftur Jónsson, greiði varnaraðila, Olúfélaginu hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.
